

Íbúafundur Vesturbæjar

Hagaskóli
17. janúar 2013, kl. 17.00

Ágætu íbúar Vesturbæjar og aðrir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á íbúafund Vesturbæjar í Hagaskóla.

Á þessum fundi leggjum við áherslu á hverfapottana svokölluðu – en svo kallast skipting fjármagns milli hverfa borgarinnar sem kosið er um í rafrænum íbúakosningum.

Í fyrra var í fyrsta skipti farið í bindandi kosningu um hverfapottana og kosið um hugmyndir að verkefnum fyrir alls 300 milljónir undir yfirskriftinni **Betri hverfi**.

Í ár verður leikurinn endurtekinn og aftur veitt 300 milljónum í hverfapottana.

Á eftir ætla ég að renna yfir stöðu verkefnanna sem þið völduð í kosningunni í fyrra en fyrst langar mig til að fara almennt yfir helstu málefni hverfisins.

Þið vitið auðvitað manna best hvað er gott við hverfið ykkar. Vesturbærinn er gamalgróið hverfi, með sterka ímynd og að mörgu leyti er hverfið mjög tengt miðborginni.

Hér eru frábærar gönguleiðir sem liggja úr hverfinu alla leið upp í Elliðaárdal og með ströndinni í hina áttina upp í Mosfellsbæ. Við Ægissíðu er einn fjölsóttasti göngustígur borgarinnar.

Samkvæmt talnaspekingum hjá borginni mælast göngu- og hjólræiðastígar í hverfinu nú 13 km. Og þá erum við auðvitað ekki að telja með gangstéttar meðfram götum. Í hverfinu eru svo 96 bekkir og 87 ruslastampar.

Í Vesturbænum búa tæplega sextán þúsund manns. Í hverfinu er óvenju hátt hlutfall ungs fólks á aldrinum 25-34 ára – eða um fimmtungur íbúa – miðað við 16% meðaltal í borginni allri.

Vesturbærinn er þannig gamalt hverfi – en samt mjög hipp og kúl í augum unga fólksins.

Borgin er með víðtæka þjónustu í hverfinu en miðpunktur hennar er Vesturgarður, þjónustumiðstöðin sem starfrækt er á Hjarðarhaga.

Meðal starfsstöðva þjónustumiðstöðvarinnar má nefna Vesturreit – félagsstarf eldri borgara að Aflagrandi – og Þórrasel, sem er dagdeild fyrir einstaklinga sem búa í heimahúsum.

Undanfarið hefur þjónustumiðstöðin lagt sérstaka áherslu á að auka virkni ungs fólks og einnig hefur hún stutt við börn sem eiga erfitt með ástundun í skóla.

Núna í haust var tekið upp nýtt vinnulag – til reynslu – þar sem skimað er sérstaklega eftir kvíða og þunglyndi hjá börnum í 9. bekk. Þeim börnum sem sýna einkenni er síðan boðið upp á úrræði sem hentar.

Hér eru 10 leikskólar – þar af tveir sameinaðir – og í þeim dvelja rösklega 800 börn.

Í leikskólunum eru margbreytilegar faglegar áherslur, svo sem á hreyfingu, listir og skapandi starf, vinnu með sögur og ævintýr og lestur og ritmál.

Grunnskólarnir í Vesturbæ hafa tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum svo sem tónvísindasmiðju Bjarkar – *Bíóphilíu* – sem miðar að því að þróa kennsluhætti þar sem tónlist, vísindi, tækni og fleiri námsgreinar eru samþættar.

Þá er ástæða til að nefna sérstaklega frábæran árangur sem hefur náðst í Olweusar-áætlun gegn einelti í skólunum hér í

Vesturbæ. Góður árangur hér sýnir að einelti þarf ekkert að þrífast í grunnskólum borgarinnar.

Húsnæðismál skólanna í hverfinu hafa verið flókin vegna barnafjölgunar – sérstaklega í Vesturbæjarskóla og Melaskóla. Þessi mál hafa meðal annars verið leyst með færanlegum kennslustofum.

Í hverfinu ykkar hefur einnig oft verið erfitt að komast að hjá dagforeldrum – en hér er hins vegar engin bið eftir leikskóla um þessar mundir.

Áhugi fólks á umhverfisvernd er að aukast í Reykjavík og meðal markmiða okkar er að efla enn frekar umhverfisvitund. Í Vesturbæ eru fjórar grenndarstöðvar fyrir pappír og plast, auk þess sem Sorpa starfrækir endurvinnslustöð við Ánanaust.

Þessa dagana erum við að innleiða bláu tunnuna – sem er fyrir pappír. Bláa tunnan nýtist einnig undir fernur, umbúðapappír, prentpappír, sléttan pappa og karton. Það má semsagt setja það sama í bláar tunnur og bláa grenndargáma. Í Vesturbæ hefst innleiðing þessa verkefnis í maí.

Af framkvæmdum í Vesturbænum á næstunni er það að segja að fyrirhugað er að koma fyrir nýjum heitum pottum við Vesturbæjarlaug.

Pottarnir samanstanda af barnapotti með leiktækjum, nuddpotti og hvíldarpotti. Þá verður sundlaugasvæðið rýmkað og afgirt þannig að sólar njóti sem best við pottana.

Hafnarsvæðið hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og þjónusta þar stórauðist. Nýlega gekk Reykjavíkurborg frá leigusamningi við Sögusafnið og það mun í fyllingu tímans flytja á Grandagarð 2, sem margir þekkja sem Alliance-húsið – en til stendur að gera það upp af hálfu borgarinnar.

Þá eignaðist borgin í fyrra lóðir á Mýrargötu og Slippsvæðinu. Á svæðinu milli Sjóminjasafnsins og Slippsins verður blönduð byggð íbúða og atvinnu. Borgin hefur einnig keypt lóðina að

Keilugranda 1 þar sem SÍF-skemman stendur og getur nú skipulagt hana að eigin óskum.

Um þessar mundir er umferð um Geirsgötu og Mýrargötu til skoðunar. Verið er að telja bíla og meta aðrar þarfir en á þessu svæði hefur umferð gangandi og hjólandi aukist mikið.

Í fyrra var haldinn fundur um aðalskipulagið í þessu hverfi og mig langar rétt að segja ykkur frá helstu áherslum þess – hvað Vesturbæinn varðar.

Í nýja aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að öll þjónusta verði inni í hverfunum sjálfum. Við erum að tala um að fá kaupmanninn aftur í hverfið og skósmiðinn á hornið.

Þessar áherslur ríma vel við Vesturbæinn sem hefur skósmið í Garðastræti, Pétursbúð við Ránargötu, Kjöttborg á Ásvallagötu og Melabúðina í miðju hverfisins.

Stærsta breytingin í Vesturbænum er sú að horfið verður frá áður skipulagðri landfyllingu við Ánanaust og stokkur við Mýrargötu verður heldur ekki byggður.

Þá er gert ráð fyrir að byggingarmagn á svokölluðu Slippsvæði verði aukið auk þess sem byggðin teygi sig enn frekar út í Örfirisey.

En þá ætla ég að víkja að máli málanna – hverfapottunum – eða verkefninu **Betri hverfi**.

Fyrirkomulagið var þannig að íbúar í öllum hverfum sendu fyrst inn hugmyndir á vefinn sem síðan var kosið um í opinni rafrænni kosningu.

Kosningin var einstök að því leyti að í fyrsta sinn á Íslandi auðkenndu kjósendur sig með persónulegum veflykli.

Kjörsóknin var 8,1% og kosningin fór fram dagana 29. mars – 3. apríl.

Kjörsókn var mjög góð í Vesturbæ, eða nærri 10%.

Kosningin var bindandi og voru kjósendur á aldrinum 31–60 ára langvirkastir.

Meðal þeirra verkefna sem þið – íbúar í Vesturbæ – völduð og komust til framkvæmda eru betri róluvellir, bætt aðgengi að fjörum og betra aðgengi gangandi og hjólandi.

Óskir ykkar beindust þannig einkum að bættu umhverfi og útivistarmöguleikum, en einnig völduð þið betri jólaskreytingar.

Búið er að:

- Endurbæta róluvöll við Nýlendu- og Vesturgötu.
- Hönnun að endurbættu dvalarsvæði við Aflagrandu 40 liggur fyrir og búið er að kaupa ný leiktæki sem sett verða upp þegar aðstæður leyfa.
- Stærri ruslastampur var settur við strætóskýlið hjá Háskóla Íslands.
- Búið er að hanna lagfæringar á fótboltavelli og leiksvæði við Reynimel, kaupa ný leiktæki og girðingarefni og verður haldið áfram með framkvæmdir þegar aðstæður leyfa.
- Umferðaröryggi við Melaskóla var bætt með uppsetningu stöpla til að hindra að lagt sé upp á stéttum. Aðgerðin er til bráðabirgða en sett hefur verið fram hugmynd um girðingu á skólalóðina.
- Lynghagaróló var endurbættur. Sandur var settur í kassann, sem og nýtt malarlag á fótboltavöllinn og tyrft í kring.
- Hjólabraut á Öldukotsróló var hellulögð.
- Hönnun á leikaðstöðu á Landakotstúni liggur fyrir. Leiktæki hafa verið keypt og haldið verður áfram með framkvæmdir þegar aðstæður leyfa.
- Jólaskreytingar voru settar upp í Vesturbænum fyrir jólin.
- Aðstaða fyrir börn í garðinum við Vesturbæjarsundlaug var bætt. Sett voru upp leiktæki og umhverfið fegrað með gróðursetningu trjáplantna.

- Aðgengi að fjöru við Eiðsgranda var bætt með stiga niður í fjöru.
- Aðgengi að í fjöru í Skerjafirði var einnig bætt með stiga. Stigarnir stórbæta aðgengi fólks að þessum frábæru útivistarsvæðum sem fjöurnar eru.
- Aðgengi gangandi og hjólandi við Mýrargötu og Fiskislóð var bætt. Gerð var gönguleið yfir Mýrargötu við hringtorgið og önnur akbraut Mýrargötu þrengd til að auka umferðaröryggi.
- Settar voru upp körfuboltakörfur á svæði KR.
- Umhverfi við Hofsvallagötu sunnan við Einimel var fegrað með gróðursetningu trjáplantna.
- Útivistaraðstaða á grænu svæði við Brekkustíg 14b var bætt í samráði við íbúa nærliggjandi húsa.
- Nestisbekkir voru settir á tvo áningarstaði við Ægisíðu.

Heildarkostnaður við þessar framkvæmdir – sem þið völduð í kosningunni – var tæpar 37 milljónir króna.

Á þessu ári ætlum við aftur að kalla eftir hugmyndum ykkar vegna nýrra verkefna og kjósa á milli þeirra. Eins og ég sagði áðan setjum við sömu upphæð í verkefnið – 300 milljónir.

Sumum finnst 300 milljónir ekki miklir peningar í þessu samhengi en eftir því sem ég best veit er upphæðin sem við setjum í verkefnið sú hæsta sem kosið er um í sambærilegum kosningum í heiminum – og er þá miðað við höfðatölu.

Það komu hingað borgarfulltrúar frá New York um daginn og þeir eru með svipað verkefni í deigluinni.

Þeir sögðu okkur að í New York fengi fólk bara að ráðstafa brotabroti af þessari upphæð í kosningum. Að lokum.

Ég trúi því að beint lýðræði sé framtíðin og íbúakosningin var svo sannarlega stórt skref í þá átt.

Með því að kjósa um forgangsöröðun fjármuna getið þið haft áhrif á nærumhverfi ykkar og þjónustu borgarinnar.

Ég hvet ykkur öll til að koma með góðar og gagnlegar hugmyndir.

Látið rödd ykkar heyrast og setjið inn allar þær hugmyndir sem ykkur dettur í hug. Það er gríðarlega mikilvægt að þið takið þátt í þessu verkefni – sýnið ábyrgð og frumkvæði í ykkar hverfi.

Þið þekkið hverfið ykkar. Þið vitið þetta allt saman og þið getið látið okkur vita.

Við viljum líka tryggja að hugmyndirnar ykkar verði framkvæmdar eins og þið sáuð þær fyrir ykkur.

Þess vegna viljum við bæta samráðið varðandi framkvæmdina á þeim.

Þá er líka mikilvægt að dýrari hugmyndir fái að fljóta með í kosningunum – þannig að í staðinn fyrir að kjósa mörg lítil verkefni getið þið einnig kosið um færri og dýrari verkefni.

Þó auðvitað innan þeirra marka sem hverfapotturinn setur.

En þá ætla ég ekki að hafa þetta lengra.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir að mæta á þennan fund og sýna það í verki að ykkur er umhugað um hverfið ykkar.

Takk fyrir.